

Fréttatilkynning

Fyrirtækjasöfnun vegna Grímsvatnagoss 2011

Eins og landsmönnum er kunnugt, hefur gosið í Grímsvötnum, sem hófst þ. 21. maí s.l. þegar valdið bændum og búaliði á því svæði, sem harðast hefur orðið úti af þess völdum, miklu tjóni og enn er ekki ljóst hversu víðtækt það er. Sem betur fer eru stofnanir og sjóðir í landinu sem bæta hluta þess skaða, sem gosið veldur, en lærdómur okkar af síðustu sambærilegum atburðum er sá, að margt er það sem út af stendur og verður ekki bætt með þeim hætti. Verða bændur því að óbreyttu að bera verulegan hluta af tjóninu sjálfir og er þar um svo stórar fjárhæðir að ræða fyrir einstaklingana, að slíkt myndi gera þeim ókleyft að halda áfram rekstri með sama sniði.

Því hefur nú verið ákveðið, að meðal fyrirtækja í landinu fari fram fjársöfnun til þess að mynda sjóð, er veiti bændum og þeirri starfsemi er þeir standa fyrir á þessu svæði, fjárhagslegan stuðning eftir því sem söfnunarfé hrekkur til og hægt er að bæta með fjárstyrkjum. Söfnun þessi fer fram í nánú samráði við Samtök atvinnulífsins og hefur verið valin fjögurra manna verkefnisstjórn til að hafa umsjón með söfnuninni, skipuleggja hana og móta reglur. Þessa verkefnisstjórn skipa þau Guðni Ágústsson, fv. landbúnaðarráðherra og framkvæmdastjóri SAM, Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, form. Landssambands sauðfjárþænda, Sigurður Loftsson, form. Landssambands kúabænda og Hugrún Hannesdóttir, frá Félagi Ferðapjónustubænda.

Undirbúningur er þegar hafinn og fyrir liggur að eftirtalin fyrirtæki hafa þegar lagt fram fé í söfnun þessa:

Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðárkróki
Samherji hf., Akureyri
Ísfélag Vestmannaeyja hf., Vestmannaeyjum
Skinney-Þinganes hf., Höfn
N1 hf., Reykjavík
KEA svf. Akureyri
Vinnslustöðin hf., Vestmannaeyjum
Mjólkursamsalan, Reykjavík

Alcoa – Fjarðarál, Reyðarfirði
Kjarnafæði hf., Akureyri
Þorbjörn hf, Grindavík
Norðlenska hf., Akureyri
Fóðurblandan hf., Reykjavík
Brim hf., Reykjavík
Sláturfélag Suðurlands, svf. Selfossi
SAH-afurðir hf., Blönduósi
Samkaup, Keflavík
Kaupás (Krónan/ Kjarval)
Bónus hf. Reykjavík.
Olís hf. Reykjavík

Óskað er eftir fjárframlögum frá hverju fyrirtæki sem nemi frá kr. 100.000 til kr. 1.000.000,-

Verkefnisstjórnin og Samtök atvinnulífsins vilja hvetja öll fyrirtæki til þess að taka vel og hraustlega á með sér í þessu brýna verkefni. Söfnunin fer fram í gegn um Arion – banka á Kirkjubæjarklaustri. Verður haft samband við þau á næstu dögum og gíróseðlar sendir til þeirra vegna framlaganna. Stefnt er að því að söfnunni verði lokið eigi síðar en fyrir júnílok svo hægt verði að bregðast sem fyrst við þeim brýna vanda sem við blasir.

f.h. Verkefnisstjórnarinnar

Guðni Ágústsson